

2. gr.

Ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrir-
tæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir
lögin falla:

tímagjald allt að

kr. 2.800

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, að fenginni umsögn
Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir Bún-
aðarsamband Eyjafjarðar nr. 539/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. nóvember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt
lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2003 að telja um 3,2%
frá því sem þær voru í desember 2002.

Til viðbótar hækkun skv. 1. mgr. skal hækka frá 1. janúar 2003 tekjutryggingu um
3.028 kr., tekjutryggingarauka fyrir einhleypa um 2.255 kr. og tekjutryggingarauka fyrir
hjón og sambýlisfólk um 2.255 kr.

2. gr.

Til viðbótar við árlega almenna hækkun skv. 65. gr. laga um almannatryggingar nr.
117/1993 skal frá 1. janúar 2004 hækka upphæð tekjutryggingar um 2.000 kr., tekjutrygg-
ingarauka fyrir einhleypa um 2000 kr. og tekjutryggingarauka fyrir hjón og sambýlisfólk
um 2.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993
um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega
aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.